

Umsögn um tillögu til þingsályktunar

um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum.

141. löggjafarþing 2012–2013.
Þingskjal 152 — 152. mál.

Flm.: Guðmundur Steingrímsson, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Eygló Harðardóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Birgitta Jónsdóttir, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Margrét Tryggvadóttir, Valgerður Bjarnadóttir, Lúðvík Geirsson, Róbert Marshall.

Umsagnaraðili: Benedikt Jóhannsson, sérfræðingur í klínískri sálfræði

Fjölskylduþjónustu kirkjunnar og Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða.

Undirritaður styður þessa tillögu um að skýrður verði lagarammi með það fyrir augum að jafna aðstöðumun þeirra foreldra sem búa ekki saman og hafa komið sér saman um að börn þeirra búi til skiptis á heimilum þeirra, jafnt eða álíka mikið á báðum heimilum. Einnig er tekið undir þau skilyrði sem sett eru fyrir slíku fyrirkomulagi í tillögunni.

Samhliða er viðeigandi að skýra réttarstöðu þeirra foreldra sem hafa verulegar samvistir við börn sín eftir skilnað þó að samvistir séu ekki hníf jafnar. Tryggja þarf að foreldrar með sameiginlegt forræði komi ekki að lokuðum dyrum í „kerfinu”, t.d. með því að þeir geti með ótvíræðum hætti sannað forræði sitt ef barnið á ekki lögheimili hjá þeim.

Margar erlendar kannanir benda til þess að börn sem búa við skipta búsetu séu yfirleitt betur aðlöguð en önnur börn eftir skilnað. Ekki er þó hægt að fullyrða að börnum sem búa við þetta fyrirkomulag líði jafn vel og þeim sem búa hjá báðum foreldrum á sama heimili. Skipt búseta getur þó mildað afleiðingar skilnaðarins, bæði fyrir börnin og foreldrana.

Skipt búseta barna á heimilum foreldra þeirra virðist hafa farið vaxandi hér á landi undanfarin ár. Í könnun sem undirritaður stóð að árið 2010 og beint var til allra unglinga á grunnskólaaldri á landinu reyndist tíðni þessa fyrirkomulags 6,6% í 8. bekk; 5,1% í 9. bekk; 3,7% í 10. bekk og samtals 5,2% á unglingastigi grunnskóla. Þetta þýðir að í 8. bekk bjuggu 22% þeirra unglinga sem ekki búa hjá báðum foreldrum á sama heimili til skiptis hjá foreldrum sínum. Hlutfallið fer síðan lækkandi í 9. og 10. bekk grunnskóla.

Í könnun undirritaðs voru eftirfarandi þættir tengdir fjölskyldugerðum: Líðan unglinganna, samskipti þeirra við foreldra, vini og kennara, sem og notkun þeirra á áfengi og kannabisefnum. Í öllum tilvikum reyndust unglingar sem búa hjá báðum foreldrum á sama heimili best aðlagðir. Yfirleitt reyndust unglingar sem búa til skiptis hjá foreldrum sínum betur aðlagðir en aðrir unglingar eftir skilnað og jafnvel allt að því álíka ánægðir með lífið og þeir unglingar sem bjuggu hjá báðum foreldrum á sama heimili. Áréttað skal að þessar niðurstöður eiga einungis við fyrir unglinga á grunnskólastigi og að kanna þarf sérstaklega hve æskilegt það er fyrir yngstu börnin að búa til skiptis hjá foreldrum sínum.

Umrædda könnun má finna í heild sinni á slóðinni:

<http://kirkjan.is/fjolskylduthjonusta/skraarsofn/fjolskylduthjonusta/Til-skiptis-hja-foreldrum.pdf>